


Minnisblað vegna nýrra söluhúsa við Ægisgarð

Farið hefur fram skoðun á því hvort bæta megi við fleiri söluhúsum við þau sex söluhús sem er gert ráð fyrir á Ægisgarði. Haldinn var fundur með fullrúum fjögurra fyrirtækja í hafnsækinni ferðapjónustu við Vesturbugt sem sýnt hafa áhuga á að fá söluhús til leigu við Suðurbugt. Fulltrúar Faxaflóahafna á fundunum voru Hildur Gunnlaugsdóttir skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna og Andrés Ásmundsson byggingartæknifræðingur.

Rými sem er til ráðstöfunar

Þegar svæðið sem er til ráðstöfunar er rýnt þá er aðeins pláss fyrir tvö söluhús til viðbótar syðst á svæðinu, næst Geirsgötu. Húsin þyrftu að liggja saman. Í seinni áföngum mætti skoða það að bæta við húsum nyrsta hluta svæðisins þar sem gert er ráð fyrir að Elding og Special Tours hafi vetraraðstöðu á meðan á framkvæmdum stendur. Það svæði er nú teiknað sem torgsvæði.



Mynd 1. Uppdráttur, hægt að bæta við húsum innan rauða hringsins.

Niðurstaða

Það er pláss og þörf fyrir tvö söluhús til viðbótar í þessum áfanga en skoða má fleiri í framtíðinni.

Í ferlinu varð ljóst að herða þarf skilyrðin fyrir úthlutun söluhúsa. Gerð er tillaga að tveimur nýjum skilyrðum fyrir úthlutun:

- Fyrirtækin þurfa að vera með lágmarks farþegafjölda.
- Fyrirtækin mega ekki vera í vanskilum við Faxaflóahafnir.